

Kristín Ósk Matthíasdóttir  
Þverá  
451 Patreksfjörður

Reykjavík 2. október 2018  
UST201807-174/I.M.B.  
09.07.01

**Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Vatnsfjörður**


Umhverfisstofnun vísar til umsóknar um leyfi til framkvæmda innan friðlandsins Vatnsfjarðar, dags. 24. júlí 2018, þar sem sótt er um leyfi fyrir viðbyggingu við fiskeldishús (starfsmannaþúð og skrifstofa) við Þverá í Vatnsfirði. Einnig er vísað til fyrri bréfa Umhverfisstofnunar til umsækjanda. Annars vegar er um að ræða bréf, dags. 23. ágúst 2018, þar sem umsækjanda var tilkynnt um áform stofnunarinnar um synjun leyfis þar sem frekari upplýsingar sem óskað hafði verið eftir voru ekki fullnægjandi. Í því bréfi var umsækjanda tilkynnt um rétt til andmæla við áformin. Hins vegar er um að ræða bréf, dags. 29. ágúst 2018, þar sem umsókn um framkvæmdaleyfi er synjað.

Þann 4. september 2018, tilkynnti umsækjandi Umhverfisstofnun að hann hygðist nýta andmælarétt sinn við fyrri bréfi stofnunarinnar þar sem það hafi borist eftir að frestur til athugasemda hafi verið liðinn. Óskaði umsækjandi eftir því að málið yrði tekið upp að nýju og að frestur yrði framlengdur til 21. september 2018 til að skila inn teikningum af umræddri viðbyggingu fiskeldisins. Var sá frestur veittur og bærust teikningar Umhverfisstofnun 10. september 2018. Samkvæmt þeim teikningum er um að ræða 170,38fm<sup>2</sup> viðbyggingu við eldishús fiskeldisins og er reist úr níu forsmíðuðum timburgámum. Viðbyggingin er starfsmannabúðir á tveimur hæðum og eru 6 m á hæð. Skólpl er lagt í fráveiturörum og tengt rotþró.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir innkomin gögn. Mat stofnunarinnar er að fram komin gögn breyti ekki þeim forsendum sem fram komu í bréfi stofnunarinnar þann 29. ágúst 2018 þar sem umsókn um leyfi fyrir byggingu starfsmannabúða innan friðlandsins Vatnsfjarðar er hafnað. Stendur ákvörðun um synjun leyfis því óbreytt.

Umhverfisstofnun bendir á að ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kærana fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt um, eða mátti vera kunnugt um, ákvörðunina.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir  
Sviðsstjóri

Edda Kristín Eiríksdóttir  
Sérfræðingur